



Ákvörðun nr. xx/2023
Kostnaðargreining á heildsöluverðum
koparheimtauga

Málsnúmer: 2021050041

29. mars 2023



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Ákvörðun FST nr. 5/2021.....	3
2.1	Álagðar kvaðir varðandi verðlagningu fyrir aðgang að koparheimtaugum	4
3	Ákvörðun PFS nr. 8/2019.....	5
4	Málavextir.....	7
5	Niðurstaða FST um gjaldskrá fyrir koparheimtaugar	9
5.1	Almennt	9
5.2	Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar.....	9
5.2.1	Kostnaðargreining Mílu	9
5.2.2	Afstaða Fjarskiptastofu.....	10
5.3	Rekstrarkostnaður (OPEX)	10
5.3.1	Kostnaðargreining Mílu	10
5.3.2	Afstaða Fjarskiptastofu.....	12
5.4	Fjárfestingarkostnaður (CAPEX)	14
5.4.1	Kostnaðargreining Mílu	14
5.4.2	Afstaða Fjarskiptastofu.....	17
5.5	Stofngjöld.....	18
5.5.1	Kostnaðargreining Mílu	18
5.5.2	Afstaða Fjarskiptastofu.....	18
5.6	Aðgangur að tengigrind	19
5.6.1	Kostnaðargreining Mílu	19
5.6.2	Afstaða Fjarskiptastofu.....	19
5.7	Fjöldi línuígilda.....	19
5.7.1	Kostnaðargreining Mílu	19
5.7.2	Afstaða Fjarskiptastofu.....	19
5.8	Útreikningur leiguverðs	21
5.8.1	Kostnaðargreining Mílu	21
5.8.2	Afstaða Fjarskiptastofu.....	22
5.9	Niðurstaða Fjarskiptastofu	24
5.9.1	Verðbil samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnar ESB.....	24
5.9.2	Samanburður við ljósleiðaraheimtaugar.....	26
5.9.3	Gildistími heimtaugaverða	26
5.9.4	Samandregin niðurstaða	27



1 Inngangur

- (1) Heildsölugjaldskrá Mílu hf. (Mílu) fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengigrindum, sem hér er til umfjöllunar byggir í grundvallaratriðum á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Fjarskiptastofu (FST) nr. 5/2021.
- (2) Þær þjónustur sem verðskrá Mílu nær til, tilheyra heildsölumarkaði fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2016.
- (3) Kostnaðargreining fyrir koparheimtaugar sem Míla lagði fram þann 31. maí 2021, kom fram í gildistíð laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Þau lög hafa nú verið leyst af hólmi með lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu sem tóku gildi 1. júlí 2021.
- (4) Samkvæmt lögum nr. 75/2021 tók FST við því lögbundna hlutverki að hafa umsjón með framkvæmd laga um fjarskipti nr. 81/2003 og nr. 70/2022 sem tóku við af eldri lögum þann 1. september 2022. Í því fellst m.a. að hafa eftirlit með gjaldskrá Mílu fyrir þá þjónustu Mílu sem slíkar kvaðir hafa verið lagðar á með ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) og FST.
- (5) Þá leggur FST það almennt til grundvallar að fyrri úrlausnir PFS séu fordæmisgefandi varðandi stjórnisýsluframkvæmd FST, enda sé um að ræða framkvæmd og túlkun sömu ákvæðum fjarskiptalaga. Eins ber að líta á ákvarðanir FST sem framhald af ákvörðunum PFS, m.a. vegna kvaða sem lagðar hafa verið á Mílu.
- (6) Frumdrög að ákvörðun FST um heildsölugjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum og tengigrindum fór í innanlandssamráð sem stóð frá 10. janúar til 9. febrúar 2023. Athugasemdir bárust frá Símanum hf. og Sýn hf. FST sendi athugasemdirnar til umsagnar hjá Mílu. Athugasemdir Símans og Sýnar í heild sinni ásamt svörum Mílu má finna í Viðauka II. Í Viðauka III hefur FST síðan tekið saman helstu sjónarmið Símans og Sýnar vegna ákvarðanadruga FST og þar eru jafnframt tilgreind svör Mílu þar sem það á við og afstaða FST. FST telur að þær athugasemdir sem komu fram í innanlandssamráðinu kalli ekki á breytingar á fyrirhugaðri niðurstöðu FST um verðskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum.
- (7) Ákvörðunardrögin eru nú send til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs, sbr. ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu og tilmæla ESA frá 2009 um slíkt samráð.
- (8) Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu FST. Ákvörðunardrögin lýsa fyrirhugaðri afstöðu FST sem getur tekið breytingum þar til endanleg ákvörðun er tekin, m.a. vegna athugasemda frá hagsmunaaðilum. Lesa ber orðalag draganna í því samhengi.

2 Ákvörðun FST nr. 5/2021

- (9) Með ákvörðun FST nr. 5/2021, dags. 19. október 2021, útnefndi FST Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður



3b). Í framhaldi af útnefningu Mílu lagði stofnunin kvaðir á fyrirtækið varðandi verðlagningu koparheimtauga og bitastraums yfir koparheimtaugar.

(10) Síminn hf. og Míla kærðu ákvörðunina til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála (ÚFP), í máli nr. 3/2021. Með úrskurði ÚFP, dags. 29. desember 2022, er ákvörðun nr. 5/2021 breytt á tiltekinn hátt, kvöð um að Síminn og Míla stæðust ERT próf var felld úr gildi sem og aðrar kvaðir sem snéru að eignarhaldi Símans á Mílu. Þær breytingar sem ÚFP ákvarðaði lúta ekki að kvöð um eftirlit með gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum, ljóslínunum í götuskáp, VULA á koparheimtaugum og aðstöðu sem tengist staðaraðgangi á koparheimtaugum. Hins vegar ber FST að framkvæma nýja markaðsgreiningu og í framhaldinu ákvarða hvort og þá hvernig kvaðir verða lagðar á Mílu í ljósi breytinga á eignarhaldi fyrirtækisins og annarra breytinga á fjarskiptamarkaðinum. Þá er FST gert að taka nýja markaðsgreiningarákvörðun fyrir 15. september 2023. FST hefur þegar hafið þessa greiningu og hyggst taka nýja markaðsgreiningarákvörðun fyrir sett tímamörk.

2.1 Álagðar kvaðir varðandi verðlagningu fyrir aðgang að koparheimtaugum

(11) Með heimild í 32. gr. eldri fjarskiptalaga nr. 81/2003¹ lagði FST kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá vegna heilðsöluaðgangs að föstum koparaðgangsnetum fyrirtækisins og ljóslínunum í götuskáp ásamt tengdri aðstöðu. Kvöðin gildir einnig um VULA þjónustu á koparheimtaugum Mílu. Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. sömu laga, var kveðið á um að gjaldskráin fyrir viðkomandi aðgang sem veittur er um koparheimtaugar skildi vera kostnaðarviðmiðuð. FST lagði ekki gjaldskrárkvöð á ljósleiðaraheimtaugar Mílu.

(12) Í ákvörðuninni kom fram að kostnaðargreining Mílu fyrir aðgang að koparheimtaugum, hluta koparheimtauga og ljósleiðurum í götuskáp, auk aðgangs að tengdri aðstöðu, s.s. götuskápum, skyldi byggja á eftirfarandi meginforsendum:

- Kostnaðargrunnur skal vera sögulegur kostnaður (HCA) Mílu sem byggir á síðast liðnu fjárhagsári viðkomandi fyrirtækis hverju sinni.
- Aðferðarfræðin skal byggjast á því að allur kostnaður sé heimfærður á viðkomandi þjónustu (FAC).
- Heimfærsla kostnaðar byggir á bókhaldslegum aðskilnaði heimtaugaleigu, eignabókhaldi Mílu og kostnaði úr bókhaldskerfi Mílu þar sem rekstrarkostnaður er skráður á bókhaldslykla.
- Við mat fjárfestingar skal byggja á bókfærðu virði rekstrarfjármuna í eignabókhaldi Mílu, þar sem stofnverð fjárfestinga er framreiknað til verðlags þess árs sem verið er að greina hverju sinni.
- Nota skal afskriftaraðferð sem endurspeglar nýtingarvirði eignar.
- Beita skal árgreiðsluaðferð til að reikna árlegan fjárfestingarkostnað.

¹ Ný lög um fjarskipti nr. 70/2022 tóku gildi þann 1. september 2022.



- Við ákvörðun einingarverða skal miða við meðalfjölda á því ári sem verið er að greina hverju sinni.
- Fanga skal kostnað heimtauganetsins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.
- Miða skal við raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar ($WACC_{real}$) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, þar sem áhættuálag endurspeglar áhættu sem tengist starfsemi á viðkomandi markaði.
- Tekið skal tillit til veltufjárbindingar sem nemur meðalstöðu birgða vegna reksturs og uppbyggingar aðgangsnetsins.
- Meðaltals einingarkostnaður fyrir landið allt er reiknaður út frá heimfærðum rekstrar- og fjárfestingarkostnaði deilt á línufjölda eða ígildi þeirra.

(13) Í ákvörðuninni kom fram að FST hygðist draga úr tíðni endurskoðunar á gjaldskrá eins og hún var sett fram í fyrri markaðsgreiningu. Til að auka fyrirsjáanleika og stöðugleika heimtaugaverðs, auk þess að léttla byrði stofnunarinnar og Mílu, var tilgreint að FST myndi fækka heildarendurskoðunum á gjaldskrá Mílu fyrir heimtaugar. Í stað þess yrði gjaldskráin uppfærð árlega (1. janúar ár hvert), miðað við vísitölupróun að frádreginni árlegri hagræðingarkröfu, milli þess sem gjaldskráin væri endurskoðuð með nýjum fjárhagsupplýsingum. Miða skyldi við vísitölu neysliverðs í þessu sambandi. Gjaldskráin yrði að jafnaði endurskoðuð á 2-3 ára fresti og við hverja ákvörðun um ný heildsöluverð skal ákvarða frest fyrir Mílu til að leggja fram nýja kostnaðargreiningu. Við endurskoðun á gjaldskrá skal á sama tíma ákvörðuð ný árleg hagræðingarkrafa.

(14) Samkvæmt 52. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 getur FST við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin. Þá skulu aðferðir við endurheimt kostnaðar eða aðferðafræði við verðlagningu stuðla að útbreiðslu nýrra og öflugri neta, skilvirkni og sjálfbærri samkeppni og vera til sem mestra hagsbóta fyrir endanotendur. Í þessu tilliti er FST heimilt að taka tillit til þess verðs sem er í boði á sambærilegum samkeppnismörkuðum.

(15) Í 2. mgr. 52. gr. laganna er jafnframt tilgreint að við gjaldskrárákvarðanir skuli taka mið af hagræði af fyrirsjáanlegu og stöðugu heildsöluverði.

3 Ákvörðun PFS nr. 8/2019

(16) Með ofangreindri ákvörðun PFS nr. 8/2019 um endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir leigu á koparheimtaugum, dags. 16. apríl 2019, samþykkti PFS kostnaðargreiningar Mílu vegna aðgangs að koparheimtaugum (Markaður 4/2008), með þeim breytingum sem gerðar voru við meðferð greiningarinnar hjá stofnuninni.

(17) Ákvörðun PFS nr. 8/2019 byggði á fyrri ákvörðunum PFS nr. 21/2014 og 5/2017. Um var að ræða uppfærslu á kostnaðarlíkani Mílu (sem samþykkt var í ákvörðun PFS nr. 5/2017), með tölum úr bókhaldi Mílu fyrir árið 2017. Niðurstaða PFS var að mánaðargjald fyrir aðgang að koparheimtaugum hækkaði úr 1.406 kr. í 1.558 kr. (11% hækkun) sem er núgildandi



mánaðarverð fyrir aðgang að heimtaugum. Stofngjald heimtauga hélst óbreytt 3.166 kr. en aðgangur að tengigrind var ákveðið 1.223 kr./mán. fyrir hverjar 100 línur.



4 Málavextir

(18) Með tilvísun í ákvarðanir PFS nr. 21/2014, nr. 8/2019 og nr. 9/2019 lagði Míla fram uppfærslu á kostnaðargreiningu fyrir markað 4 og 5, dags. 31. maí 2021. Kostnaðargreining Mílu samanstóð af skýrslu sem lýsti forsendum og aðferðum sem notaðar voru við greiningu á kostnaði ásamt þremur Excel skráum með útreikningum á kostnaði.

(19) Fram kom í kostnaðargreiningu Mílu að fyrirtækið hafi reiknað út verð fyrir koparheimtaugar og tengda þjónustu á markaði 4/2008 og 5/2008. Útreikningar hafi miðast í meginatriðum við þá aðferðarfræði sem PFS hafi lagt upp með í ákvörðun nr. 21/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á mörkuðum fyrir heildsöluaðgang að föstum aðgangsnetum (markaður 4/2008) og breiðbandsaðgang í heildsölu (markaður 5/2008).

(20) Þá kom fram hjá Mílu að fyrirtækið hafi í þessari greiningu byggt í öllum meginatriðum á þeim forsendum sem tilgreindar væru í ákvörðun PFS nr. 21/2014 og með sömu aðferðarfræði og í kostnaðargreiningum sem núverandi verðskrár væru byggðar á. Míla hafi þó ekki reiknað verð ljósleiðara í götuskáp. Samkvæmt ákvörðun nr. 21/2014 hefði PFS lagt kvöð á Mílu um að skila inn kostnaðargreiningu fyrir ljóslínur í götuskáp. Míla hafi bent á að ljósleiðarar í götuskáp væru hluti af uppbyggingu á ljósheimtaugakerfi Mílu. Ljósheimtaugar væru samkvæmt sömu ákvörðun ekki háðar verðkvöðum. Míla og PFS hafi ekki verið sammála um hvort ljóslínur í götuskápa eigi að tilheyra markaði 4/2008 eða 6/2008. PFS hafi skilgreint þær á markaði 6/2008 en sá markaður væri ekki til umfjöllunar í þessari greiningu.

(21) Nánar er fjallað um kostnaðargreiningu Mílu í viðeigandi köflum hér að neðan.

(22) Í pósti FST til Mílu, dags. 21. október 2022, kom fram að frá því að Míla lagði fram kostnaðargreininguna hafi FST, í kjölfar markaðsgreiningar á markaði 3a og 3b, gefið út ákvörðun nr. 5/2021, dags. 19. október 2021. Sú ákvörðun leysir af hólmi ákvörðun PFS nr. 21/2014 sem Míla vísar til í kostnaðargreiningu sinni. FST muni því taka mið af ákvörðun nr. 5/2021 við meðferð þessarar kostnaðargreiningar.

(23) FST taldi jafnframt að nauðsynlegt væri að uppfæra kostnaðartölur kostnaðargreiningarinnar og að þær tækju mið af kostnaðartölum fyrir árið 2021. Nánar tiltekið óskaði FST að uppfærslu á kostnaðargreiningu fyrir heildsöluaðgang að koparheimtaugum tæki tillit til eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður ætti að taka til ársins 2021
- Yfirlit yfir þróun á kostnaðarpáttum fyrir koparheimtaugar ættu einnig að innifela rekstrarkostnað fyrir árin 2018 og 2019
- Við útreikning á framreiknuðu stofnverði fjárfestinga í koparkerfinu ætti fyrirtækið að taka mið af rauntölum til og með árinu 2021. Ekki skuli taka mið af fjárfestingaráætlunum, sbr. kafli 10.7.5.4 í ákvörðun FST nr. 5/2021
- Við útreikninga á árgjaldi skyldi miða við $WACC_{real}$ fyrir árið 2021



- Fjöldi línuígilda² skyldi miðast við meðalfjölda heimauga á árinu 2021

(24) Einnig tilgreindi FST í bréfi sínu, varðandi umfjöllun Mílu um ljóslínur í götuskápa, að eins og staðan væri í dag þá væri enn verðkvöð á þessum ljóslínum enda hafi þessar ljóslínur m.a. verið lagðar til að veita þjónustu um koparheimtaugar. Eins og áður sé Mílu hins vegar heimilt að leggja fram sérstaka greiningu á ljóslínum í götuskápa eða með ljóslínum á markaði 6/2008 og því fari FST ekki fram á að kostnaðargreining á þessari þjónustu verði lögð fram með kostnaðargreiningu á koparheimtaugum.

(25) Þann 4. nóvember 2022 lagði Míla fram uppfærða kostnaðargreiningu fyrir koparheimtaugar.

(26) Í pósti FST til Mílu, dags. 11. nóvember 2022, ítrekaði FST að óskað væri eftir rekstrarkostnaði fyrir árin 2018 og 2019 til samanburðar og að miðað væri við meðalfjölda ígilda í stað fjölda í lok árs. Þá tilgreindi stofnunin að við útreikning á fjárfestingarstofni væri Mílu heimilt að miða við kaupár 2003-2022 eða 20 ár en FST taldi að þar sem langt væri liðið á árið 2022 þá væri hægt að gera raunhæfa spá um fjárfestingu. Því óskaði FST eftir raunfjárfestingum á árinu 2022 fram til loka október og áætlun fyrir nóvember og desember. Þá benti FST á leiðréttingar sem gera þyrfti á kostnaðarlíkaninu varðandi vísitölu og kostnaði vegna birgða. Jafnframt gerði FST athugasemd við að jöfnunargjaldið tilheyrði rekstrarkostnaði þar sem um skatt væri að ræða. Að lokum gerði FST athugasemd við þróun húsnæðiskostnaðar en hann hafði ekki lækkað í samræmi við fækkun koparheimtauga.

(27) Í svari Mílu til FST, dags. 6. desember 2022, benti Míla á að ef jöfnunargjaldið ætti ekki að tilheyra rekstrarkostnaði yrði að hækka leiguverðið sem næmi skattinum. Þá var Míla alfarið á móti því að miða við meðalfjölda ígildislína í stað fjölda í lok tímabils, sjá nánari umfjöllun í kafla 5.7. hér að neðan. Þá kom Míla með nánari skýringar á þróun húsnæðiskostnaðar og lagði til nálgun til leiðréttingar á húsnæðiskostnaði, sjá nánar í kafla 5.3.

(28) Í pósti FST til Mílu, dags. 13. desember 2022, féllst FST á að jöfnunargjaldið væri reiknað sem álag ofan á heimaugagjaldið. FST benti jafnframt á að ef jöfnunargjaldið myndi breytast þá yrði álagið að breytast og ef jöfnunargjaldið félli niður þá skuli fella niður álagið. Varðandi fjölda ígildislína þá ítrekaði FST þá afstöðu sína að þegar horft væri til rekstrarkostnaðar yfir heilt ár þá væri eðlilegra að miða við meðaltalsfjölda ígilda yfir árið. Hins vegar féllst FST á það að þegar horft væri til fjárfestingar þá væri Mílu heimilt að miða við lokastöðu ársins, sjá nánar í kafla 5.7. hér að neðan.

(29) Þann 19. desember 2022 lagði Míla fram uppfærða greiningu í samræmi við tilmæli FST í pósti dags. 13. desember 2022. Í kjölfarið áttu Míla og FST í samskiptum varðandi smávægilega leiðréttingar í kostnaðarlíkaninu en þann 3. janúar 2023 gerði Míla sínar lokabreytingar á kostnaðargreiningunni.

² Í þessari kostnaðargreiningu er fjöldi línuígilda það sama og fjöldi koparheimtauga.



5 Niðurstaða FST um gjaldskrá fyrir koparheimtaugar

5.1 Almennt

(30) Í köflum 5.2 til 5.9 hér á eftir gefur að líta forsendur og niðurstöðu FST varðandi kostnaðargreiningu fyrir aðgang að koparheimtaugum. Fjallað er um helstu þætti sem FST telur mikilvæga sem forsendur fyrir afstöðu stofnunarinnar við útreikning gjaldskrár fyrir heimtaugaleigu.

(31) Umræddir þættir eru eftirfarandi:

- Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar
- Rekstrarkostnaður
- Fjárfestingarkostnaður
- Stofn- og aðgangsgjöld
- Aðgangur að tengigrindum
- Línufjöldi
- Útreikningur leiguverðs

(32) Hver undirkafli er þannig upp byggður að fyrst er gerð grein fyrir kostnaðargreiningu Mílu, og síðan afstöðu FST varðandi sérhvert atriði. Í kafla 5.9.4 er síðan niðurstaða FST dregin saman í stuttu máli áður en til ákvörðunarorða kemur.

(33) Afstaða FST byggir á heimild stofnunarinnar í lögum um fjarskipti nr. 70/2022 og vísast þá helst til 52. gr. fjarskiptalaga um eftirlit með gjaldskrá ásamt ákvörðun FST nr. 5/2021 og ákvörðun PFS nr. 8/2019, sbr. umfjöllun hér að ofan í kafla 2 og 3.

(34) Míla hefur lagt fram lýsingu á kostnaðarbókhalda fyrirtækisins og útreikningum, ásamt skýrslu frá óháðum endurskoðanda. Þá hefur Míla lagt fram greiningu á kostnaði aðgangs að koparheimtaugum ásamt frekari útskýringum að beiðni FST.

(35) Niðurstaða FST byggir á kostnaðargreiningu Mílu frá 31. maí 2021 með þeim breytingum sem gerðar voru í kostnaðarlíkani Mílu en síðustu breytingar á líkaninu voru gerðar þann 3. janúar 2023.

5.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar

5.2.1 Kostnaðargreining Mílu

(36) Fram kom í skýrslu Mílu, dags. 31. maí 2021, að FST taki mið af leiðbeiningum ESB varðandi útreikning á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC; Weighted Average Cost of Capital) fyrir árið 2020. Míla geri ekki athugasemdir við útreikninga stofnunarinnar að þessu sinni en bendir þó á að kostnaður skulda í útreikningi FST væri töluvert lægri en Mílu bauðst við endurfjármögnun í byrjun ársins 2021.

(37) Í uppfærðri kostnaðargreiningu fyrir rekstrarárið 2021 miðaði Míla við WACC fyrir árið 2021 í sínum útreikningum.



5.2.2 Afstaða Fjarskiptastofu

(38) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur gefið út tilkynningu með leiðbeiningum um útreikninga á fjármagnskostnaði innviða (WACC tilkynningin). Megintilgangur með þessum leiðbeiningum er að samræma útreikninga á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) og gera þá aðgengilegri og fyrirsjáanlegri. FST hyggst taka mið af þessum leiðbeiningum þar sem það á við.

(39) Í viðauka I er að finna umfjöllun og niðurstöðu FST um WACC fyrir árið 2021. WACC útreikningarnir taka mið af skýrslu BEREC dags. 10. júní 2021: Report on WACC parameter calculations according to the European Commission's WACC Notice (WACC parameters Report 2021), BoR (21) 86.

(40) Niðurstaða FST er að WACC sem byggir á áhættulausum raunvöxtum ($WACC_{real}$) fyrir árið 2021 sé 5,16%.

(41) Útreikningar Mílu í því kostnaðarlíkani sem niðurstaða FST byggir á miða við WACC sem FST reiknaði fyrir árið 2021.

(42) FST ákvarðar WACC árlega eða eftir þörfum og var það síðast reiknað fyrir árið 2021.

5.3 Rekstrarkostnaður (OPEX)

5.3.1 Kostnaðargreining Mílu

(43) Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. maí 2021, kemur eftirfarandi fram varðandi sundurliðun á rekstrarkostnaði koparheimtauga³:

³ Tölur í þessum kafla hafa verið uppfærðar samkvæmt kostnaðarlíkani dags. 3. janúar 2023.



Tafla 5.1

	2017	2020	Breyting frá 2017	2021	Breyting frá 2021
Efni.....	[...] ⁴	[...]	[...]	[...]	[...]
Millifærð vinna.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Leyfis- og rekstrargjöld.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Aðkeypt þjónusta.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Annar kostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Skrifstofukostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Ferðakostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Húsnæðiskostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Bifreiðakostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Yfirstjórnar- og stoðeildakostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður án vaxta, tekjuskatts og afskrifta	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

(44) Míla benti á að eins og sjá megi á töflunni hér að ofan hafi rekstrarkostnaður lækkað umtalsvert frá árinu 2017. Skýringuna á lækkuninni megi rekja til þess að á tímabilinu var ljósheimtaugavæðing í fullum gangi. Koparheimtaugum hafi því fækkað jafnt og þétt frá árinu 2017.

(45) Efni, millifærð vinna, aðkeypt þjónusta og bifreiðakostnaður lækki meira en sem næmi fækkun heimtauga. Míla benti á að fyrirsjáanlegt væri að koparkerfið verði lagt niður og hafi Míla því dregið úr öllu rekstrarviðhaldi þar sem þess væri kostur. Auk þess hefði Covid-19 haft þau áhrif að reynt hafi verið að fresta öllu viðhaldi til að draga úr álagi á kerfinu.

(46) Fram kom hjá Mílu að skrifstofukostnaður lækki úr um [...] kr. í [...] kr. Þessa lækkun megi rekja til þess að kostnaður við markaðsefni hafi verið gjaldfærður á koparheimtaugar en engum slíkum kostnaði hafi verið til að dreifa á koparheimtaugum nú. Markaðsefni Mílu sem beinist að heimtaugum sé einkum að ljósheimtaugavæðingunni.

(47) Húsnæðiskostnaður lækki hins vegar aðeins um [...] %⁵. Að sögn Mílu liggi skýringin á því að húsnæðiskostnaður lækki mun minna en annar kostnaður að tengigrindur hafi ekki minnkað að ráði þrátt fyrir fækkun, þar sem það væri töluverður kostnaður sem lægi í því að þétta og taka niður tengigrindur.

(48) Þann 11. nóvember 2022 óskaði FST eftir frekari upplýsingum um þróun rekstrarkostnaðar og þann 6. desember 2022 lagði Míla fram uppfært kostnaðarlíkan þar sem yfirlit yfir rekstrarkostnað árána 2018 og 2019 var bætt við.

⁴ Upplýsingar í hornklofum eru trúnaðarmál og því felldar út í þessu skjali.

⁵ Fyrir leiðréttingar sem gerð var á húsnæðiskostnaði.



Tafla 5.2

	2017	2018	2019	2020	Breyting frá 2017	2021	Breyting frá 2021
Efni.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Millifærð vinna.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Leyfis- og rekstrargjöld.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Aðkeypt þjónusta.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Annar kostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Skrifstofukostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Ferðakostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Húsnæðiskostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Bifreiðakostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður.	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Yfirstjórnar- og stoðeildakostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður án vaxta, tekjuskatts og afskrifta	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

5.3.2 Afstaða Fjarskiptastofu

(49) Míla hefur lagt fram upplýsingar um rekstrarkostnað koparheimtauga félagsins á árinu 2020 og 2021 til samanburðar vegna ársins 2017 sem var rekstrarár sem núgildandi verð byggja á. Til að sjá þróun rekstrarkostnaðar óskaði FST einnig eftir yfirliti yfir rekstrarkostnaði árána 2018 og 2019. FST byggir á þróun rekstrarkostnaðar samkvæmt framlögðum upplýsingum Mílu við mat sitt, auk fyrri greininga Mílu. Einnig byggir FST á gögnum um bókhaldslega aðgreiningu í rekstri Mílu í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

(50) Í pósti til Mílu, dags. 11. nóvember 2022, gerði FST athugasemdir við þróun húsnæðiskostnaðar þar sem kostnaðurinn per ígildi hafði næstum tvöfaldast frá 2017 til 2021 en stærsti liðurinn í þessum kostnaði væri hýsing innan fyrirtækisins. FST benti á að koparheimtaugarnar tækju til sín mjög hátt hlutfall af hýsingarkostnaði Aðgangsneta, sérstaklega þegar horft væri til þess að útleigðar koparheimtaugar væru orðnar færri en ljósleiðaraheimtaugar, auk annarra tenginga sem falli undir Aðgangsneta og bera kostnað af hýsingu. Fram hafi komið hjá Mílu að verið væri að greiða fyrir hýsingu á tengigrindum sem ekki væru í raun í notkun allavega ekki að fullu leyti. FST væri heimilt að hafna kostnaði sem stafi af óhagræðingu og telur að í þessu tilfelli væri verið að láta koparheimtaugar bera slíkan kostnað. FST teldi ekki rétt að greitt væri fyrir pláss sem tengigrindur sem ekki væri verið að nota (eða sem væru stærri en þörf væri á) og legði til að þessi kostnaður yrði lækkaður. Ef litið væri til framtíðar þá væri ljóst að ekki væri hægt að láta færri og færri koparheimtaugar sem væru leigðar út bera kostnaðinn af illa nýttum tengigrindum. FST teldi að nauðsynlegt væri að ákvarða hýsingarkostnaðinn á annan hátt t.d. út frá kostnaði per línuígildi.

(51) Í svari sínu, dags. 6. desember 2022, kom fram hjá Mílu að fyrirtækið teldi ekki hægt að bera saman hýsingarkostnað vegna ljóstengigrinda og kopartengigrinda, þar sem



Ijóstengigrindur tækju aðeins brot af því plássi sem koparheimtaugar tækju. Míla gæti þó tekið undir að þessi kostnaður væri nú orðinn hlutfallslega mjög hár. Það væri hins vegar dýrt að þetta tengigrindur til að lækka leigukostnaðinn. Þá væri rétt að benda á að ef það ætti að lækka þennan kostnað, þýddi það í raun og veru að leiguverð fyrir hýsingu væri væntanlega of lágt sem þessu næmi. Ef það ætti að lækka leiguna vegna "óhagræðis" þyrfti einnig að bæta við kostnaði við þéttingu og niðurtöku tengigrinda. Auk þess þurfi að bæta við hækkun á leiguverði sem tók gildi um síðustu áramót. Míla væri þó tilbúin til að skoða það að lækka þennan kostnað til að mæta "óhagræði". Að mati Mílu væri ekki rétt að miða við línuígildi þar sem ljóst væri að hýsing lækki ekki í beinu hlutfalli við fækkun lína. Það þurfi t.d. alltaf ákveðið lágmarkspláss og þá feli fækkun heimtauga ekki endilega í sér minnkun á leigurými, sérstaklega á minnstu símstöðvunum, þar sem það þurfi alltaf að leigja lágmarksrými. Míla innheimti leigu fyrir tengigrindur (aðgang að tengigrind), þar sem miðað væri við 100 línu hausa. Ef taka þurfi tillit til þess að fækkun heimtauga geti leitt til fækkunar á leigurýmum telji Míla eðlilegra að miða við tekjur fyrir aðgang að tengigrindum fremur en að miða við beina fækkun heimtauga. Tekjur Mílu á árinu 2017, uppreiknað miðað við núverandi verðskrá væri [...] kr. en tekjur 2021 hafi numið [...] kr. Lækkun vegna færri tengihausa á tengigrind væri því 32%. Húsnæðiskostnaður 2017 margfaldaðar með 68% væri [...] kr. ([...] kr.*0,684). Þetta þurfi að margfalda með meðalhækkun hýsingarverða fyrir tengigrindur (15%). Samkvæmt þessari aðferðarfræði sé kostnaðurinn [...] kr. sbr. það sem fram kemur í uppfærðri töflu Mílu yfir rekstrarkostnaðinn í kafla 5.3.1.

(52) FST fellst á útskýringar Mílu og tillögur að leiðréttingu á hýsingarkostnaði. Í eftirfarandi töflu má sjá kostnaðarliði sem falla undir hýsingarkostnað í kostnaðargreiningunni:

Tafla 5.3

Lýsing	Kostnaður
Ræsti- og hreinlætisvörur	2.314
Sorphreinsun og gámaleiga	102.797
Húsaleiga innan fyrirtækis	4.073.668
Hýsing innan fyrirtækis	132.968.476
Samtals	137.147.255
Leiðrétting	15.085.980
Notað í útreikninga	122.061.274

(53) Eins og sjá má er meginhlutinn það sem kallað er hýsing innan fyrirtækisins og er gjald fyrir leigurými í húsum Mílu samkvæmt gjaldskrá Mílu (ákvörðun FST nr. 8/2021; Endurskoðun á heildsölugjaldskrá Mílu fyrir hýsingu og rafmagn). Stærsti hluti kostnaðarins er leigurými fyrir tengigrindur Mílu og leigurými í kapalkjöllum.

(54) Niðurstaða FST er því að sá kostnaður Mílu sem lagður er til grundvallar útreiknings rekstrarkostnaðar koparheimtauga Mílu á árinu 2021 (að teknu tilliti til lækkunar húsnæðiskostnaðar) nemi samtals [...] kr. sem er [...] % lækkun frá rekstrarárinu 2017. Á sama tíma fækkaði meðalígildum milli áranna um 53%.



(55) Til samanburðar þá hækkaði meðalvísitala neysluverðs milli áráanna 2017 og 2021 um 14% og launavísitalan um 18% á sama tímabili.

(56) FST gerir ekki athugasemd við framangreinda útreikninga Mílu og niðurstöðu um lækkun rekstrarkostnaðar.

(57) FST telur rétt að skoða þróun rekstrarkostnaðar per ígildi þar sem mikil fækkun er á koparheimtaugum. Í eftirfarandi töflu má sjá rekstrarkostnað per ígildi fyrir árin 2017, 2020 og 2021:

Tafla 5.4

	2017	2020	2021	Breyting frá 2017
Efni	[...]	[...]	[...]	[...]
Millifærð vinna	[...]	[...]	[...]	[...]
Leyfis- og rekstrargjöld	[...]	[...]	[...]	[...]
Aðkeypt þjónusta	[...]	[...]	[...]	[...]
Annar kostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]
Skrifstofukostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]
Ferðakostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]
Húsnæðiskostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]
Bífreiðakostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]
Afskrifaðar tapaðar kröfur Yfirstjórnar- og stoðdeildakostnaður	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður án vaxta, tekjuskatts og afskrifta	[...]	[...]	[...]	[...]

(58) Eins og sést í töflunni er lækkun á heildarrekstrarkostnaði per ígildi en misjafnt er hvernig þessi kostnaður hefur þróast. Húsnæðiskostnaðurinn hefur hækkað mest eða um [...] % en eins og kemur fram hér að framan á það sér skýringar. Án þeirrar leiðréttingar sem gerð var að kröfu FST hefði hækkingin á húsnæðiskostnaði orðið [...] %.

(59) FST gerir ekki frekari athugasemdir við rekstrarkostnað Mílu og er rekstrarkostnaður til útreikningar á heimtaugjaldinu því [...] kr.

5.4 Fjárfestingarkostnaður (CAPEX)

5.4.1 Kostnaðargreining Mílu

(60) Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. maí 2021, kemur fram varðandi fjárfestingarkostnað Mílu að stofnverð fjárfestinga heimtauga sé reiknað með sama hætti og í fyrri greiningum. Fjárfestingar í tengigrindum og koparheimtaugum eru framreiknaðar frá árinu 2002 miðað við vísitölu byggingakostnaðar. Líftími þessara fjárfestinga er allt að 20 ár.



(61) Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir fjárfestingar í koparkerfinu á nafnverði:⁶

Tafla 5.5

Kaupár	Notendalínur	Ljósnet-kopar	Tæki og búnaður	Tengi-grindur	NMS	Samtals
2021	[...]					[...]
2020	[...]	[...]	[...]			[...]
2019	[...]	[...]	[...]			[...]
2018	[...]	[...]	[...]			[...]
2017	[...]	[...]	[...]			[...]
2016	[...]	[...]	[...]			[...]
2015	[...]	[...]	[...]			[...]
2014	[...]	[...]	[...]			[...]
2013	[...]	[...]	[...]			[...]
2012	[...]	[...]	[...]	[...]		[...]
2011	[...]	[...]	[...]	[...]		[...]
2010	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
2009	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2008	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2007	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2006	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2005	[...]		[...]	[...]	[...]	[...]
2004	[...]			[...]	[...]	[...]
2003	[...]			[...]	[...]	[...]
2002	[...]			[...]	[...]	[...]
2001	[...]			[...]	[...]	[...]
2000	[...]				[...]	[...]
1999	[...]				[...]	[...]
1998	[...]				[...]	[...]
1997	[...]				[...]	[...]
1996	[...]				[...]	[...]
1995	[...]					[...]
1994	[...]					[...]

(62) Í pósti FST til Mílu, dags. 21. október 2022, fór FST fram á að við útreikning á fjárfestingarstofni yrði miðað við kaupár 2003-2022 eða 20 ár, FST teldi að þar sem langt væri liðið á árið 2022 þá væri ólíklegt að misræmi gætti varðandi áætlun Mílu um fjárfestingar á því ári. FST óskaði því eftir raunfjárfestingum á árinu 2022 fram til loka október og áætlun fyrir nóvember og desember. Í svari Mílu, dags. 6. desember 2022, kom fram að fjárfestingar á árinu 2022 fram til október væru [...] kr. og hygðist Míla miða við [...] kr. fyrir allt árið en samþykkti síðan í pósti þann 7. desember 2022 að miðað yrði við [...] kr.

⁶ Tölur í þessum kafla hafa verið uppfærðar samkvæmt kostnaðarlíkani dags. 3. janúar 2023.



(63) Hér að neðan er yfirlit yfir framreiknað stofnverð fjárfestinga í koparkerfinu og útreikninga á árgreiðslu koparheimtauga og tengigrinda:

Tafla 5.6

Grunn- vísitala	Kaupár	Kopar	Ljósnet-kopar	Tæki og búnaður	Tengi- grindur	Samtals	Líftími/kopar og tengigr	Árgreiðsla kopar og tengigrindur
	2022	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	9	[...]
777,9	2021	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	10	[...]
743,0	2020	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	11	[...]
725,5	2019	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	12	[...]
696,7	2018	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	13	[...]
663,9	2017	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	14	[...]
652,8	2016	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	15	[...]
628,0	2015	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	16	[...]
602,3	2014	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	17	[...]
593,2	2013	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	18	[...]
573,1	2012	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	19	[...]
539,4	2011	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
508,5	2010	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
488,9	2009	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
428,8	2008	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
371,6	2007	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
339,7	2006	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
313,9	2005	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
297,9	2004	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
285,9	2003	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
	Stofn	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	20	[...]
	Samtals	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]		[...]

(64) Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. maí 2021, kom fram hjá Mílu að fyrirsjáanlegt væri að koparkerfi félagsins yrði lagt niður á næstu 10 árum. Míla teldi því eðlilegt að árgreiðsla fjárfestingar frá árinu 2012 yrðu miðuð við að kerfið yrði endanlega niðurlagt á árinu 2031. Þannig yrði líftími fjárfestinga á árinu 2012 19 ár og færi síðan fækkandi þannig að líftími fjárfestinga á árinu 2022 yrði 9 ár. Míla taldi nauðsynlegt að miða við þessa aðferðarfræði þar sem að öðrum kosti myndu fjárfestingar ekki ná þeirri arðsemi sem þær ættu að hafa. Allar fjárfestingar Mílu í kopar væru nauðsynlegar viðhaldsfjárfestingar.

(65) Árgreiðsla fjárfestinga væri að öðru leyti reiknuð með sama hætti og í fyrri greiningum. Miðað væri við 9-20 ára líftíma á koparkerfinu og tengigrindum og 10 ára líftíma vegna tækjabúnaðar. Þá væri gert ráð fyrir 8 ára líftíma á fjárfestingum tengdum ljósnetsvæðingunni. Ekkert hafi verið fjárfest í notendaörbylgjum á undanförunum árum og væri því ekkert stofnverð reiknað vegna þeirra. Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) væri reiknað 5,16% vegna rekstrarársins 2021.

(66) Samkvæmt framansögðu væri árgreiðsla fjárfestinga Mílu eftirfarandi:



Tafla 5.7

Fjárfestingar	Framreiknað stofnverð	Líftími	Árgreiðsla
Kopar og tengigrindur.....	[...]	10 til 20	[...]
Ljósnet, kopar.....	[...]	8	[...]
Tækjabúnaður.....	[...]	10	[...]
	[...]		[...]

5.4.2 Afstaða Fjarskiptastofu

(67) Í ákvörðun FST nr. 5/2021 kemur fram að við mat á fjárfestingum skuli byggja á bókfærðu virði rekstrarfjármuna í eignabókhaldi Mílu, þar sem stofnverð fjárfestinga í kopar innviðum er framreiknað til verðlags þess árs sem verið er að greina hverju sinni.

(68) Fjárfestingarstofninn byggir á fjárfestingum Mílu á árunum 2003-2022 en fjárfesting ársins 2022 byggir að meginhluta til á raunfjárfestingu og svo spá um fjárfestingar á síðustu mánuðum ársins.

(69) Breytileikinn í árlegum fjárfestingum sem kemur fram í töflu 5.6 endurspeglar sögu fjárfestinga Mílu í aðgangnetinu. Míla byrjaði að leggja ljósleiðara í stað kopar í nýbyggingum í kringum 2006 og hóf síðan að fjárfesta í DSL árið 2010 en þær fjárfestingar náðu hámarki árið 2015. Árið 2016 hóf Míla síðan skipulagða útbreiðslu á ljósleiðaraheimtaugum og eftir það hefur fjöldi koparheimtauga minnkað jafnt og þétt.

(70) Fjárfestingin í götuskápum var deilt niður á ljósleiðaraheimtaugar og koparheimtaugar þar sem þessi fjárfesting jók verðmæti koparheimtauga því þær urðu þá hæfar fyrir VDSL-þjónustu.

(71) Jafnvel eftir að Míla hætti að leggja kopar í nýjar byggingar eftir 2006, þá var það aðallega á nýjum svæðum en á koparsvæðum voru flestar breytingar og viðhald framkvæmt með því að leggja eða skipta út kopar á koparsvæðum. Segja má að þessar fjárfestingar hafi verið viðhaldsfjárfestingar. Í sumum tilfellum var nauðsynlegt að skipta út koparheimtaugum vegna lélegs ástand þeirra eða vegna framkvæmda sem kölluðu á breytingar á lagnaleið koparlínanna.

(72) Eftir árið 2016 þegar Míla byrjar á skipulagðri útbreiðslu á ljósleiðara er viðhaldi kopars smám saman sinnt með því að leggja ljósleiðara í staðinn ef það er mögulegt, en samt var nauðsynlegt að viðhalda koparum á sumum koparsvæðum. Eftir því sem ljósleiðaraútbreiðslu Mílu vindur fram verður viðhaldspörf koparheimtauga minni vegna færri tenginga út af yfirfærslu yfir á ljósleiðara. Ef ljósleiðari frá Mílu er til staðar er notanda boðið að skipta yfir í ljósleiðara ef bilun kemur upp í kopartengingum.

(73) Útbreiðsla ljósleiðaraheimtauga er ennþá í gangi og nú er ljóst að Míla áætla að leggja niður koparkerfið í síðasta lagi 2031 og líklega fyrir þann tíma. Því má búast við að Míla reyni að lágmarka viðhald eins og kostur er.



(74) Framreiknað stofnverð fjárfestinga nemur [...] kr. Notuð er byggingarvísitala til að framreikna fjárfestinguna en sú vísitala er talin endurspegla best verðþróun þar sem stór hluti fjárfestingar liggur í jarðvegsvinnu.

(75) Ef tafla 5.5 er borin saman við töflu 5.6 má sjá að fjárfestingar í kopar og tengigrindum sem eru eldri en 20 ára eru felldar út úr fjárfestingarstofninum. Líftími fjárfestinga í Ljósnet-kopar er 8 ár og því hafa fjárfestingar eldri en 8 ára verið felldar út úr fjárfestingastofninum þar sem þær teljast að fullu afskrifaðar, sama á við um búnað en með 10 ára líftíma. Aðrir flokkar eins og örbylgjubúnaður og NMS sem voru tilgreindir í eldri kostnaðargreiningum hafa verið felldir út úr fjárfestingastofninum þar sem þessi fjárfesting hefur verið að fullu afskrifuð. Eignir sem eru að fullu afskrifaðar eru því ekki taldar með í fjárfestingastofninum.

(76) Í töflu 5.6 er árgjald fyrir kopar og tengigrindur reiknað út í síðasta dálki út frá líftíma og WACC. Í töflu 5.7 er síðan reiknað út árgjald fyrir Ljósnet-kopar og búnað. Einnig er þar tilgreint reiknað árgjald fyrir kopar og tengigrindur.

(77) Eins og sjá má í töflu 5.6 eru fjárfestingar árána 2003-2006 miklar í samanburði við síðari fjárfestingar. Vegna þess langa líftíma sem búist var við á þeim tíma eru þessar fjárfestingar enn stór hluti af fjárfestingarstofninum í dag.

(78) FST gerir ekki athugasemd við framkvæmd Mílu varðandi framangreinda útreikninga stofnverðs fjárfestinga enda er hún í samræmi við kvöð FST þess efnis.

(79) Míla fór fram á breytingu á líftíma fjárfestinga í koparheimtaugum og tengigrindum. FST gerir ekki athugasemd við þessa breytingu í ljósi væntanlegrar niðurlagningu á koparkerfinu. Til að Míla endurheimti fjárfestingar er þessi breyting nauðsynleg að mati FST.

5.5 Stofngjöld

5.5.1 Kostnaðargreining Mílu

(80) Í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. maí 2021, kemur fram að Míla hefur ákveðið að fella niður stofngjöld á koparheimtaugum. Míla segir að viðskiptavinir félagsins hafi verið að kalla eftir því að stofngjöld verði felld niður til að auka gagnsæi í innheimtu. Í greiningunni eru því stofngjöld ekki dregin frá heildarkostnaði við útreikning á leiguverði. Þetta hefur þau áhrif að mánaðargjald er 31 kr. hærra en annars hefði verið.

5.5.2 Afstaða Fjarskiptastofu

(81) Í fyrri kostnaðargreiningum hafa áætlaðar árstekjur af stofngjöldum komið til frádráttar þeim kostnaði sem notaður er til útreikninga á mánaðargjöldum. Kostnaður við að tengja nýja heimtaug hefur því ekki verið greindur sérstaklega. Ekki er því verið að breyta greiningu á kostnaði heldur uppbyggingu gjaldskrár og hvernig kostnaður endurheimtist.

(82) FST telur að breytingin á framsetningu gjaldskrár muni auka gagnsæi og einfalda gjaldskrána. Þá er rétt að horfa til þess að útleigðum koparheimtaugum fer stöðugt fækkandi þar sem þeim er í sífellt fleiri tilfellum skipt út fyrir ljósleiðaraheimtaugar og því eðlilegt að skoðað sé hvort viðhalda eigi stofngjaldi fyrir heimtaugar sem neytandinn mun hugsanlega



skipta út fljótlega, miðað við stefnu Mílu um niðurlagningu á koparheimtaugum. FST leggst því ekki gegn þessari breytingu á gjaldskránni en eins og áður greinir hefur þetta ekki áhrif á kostnað heimtaugakerfisins í heild.

5.6 Aðgangur að tengigrind

5.6.1 Kostnaðargreining Mílu

(83) Fram kemur hjá Mílu að í samræmi við fyrri kostnaðargreiningu sé gert ráð fyrir að gjald fyrir aðgang að tengigrind hækki í sama hlutfalli og mánaðargjald fyrir heimtaugar.

5.6.2 Afstaða Fjarskiptastofu

(84) Helsti kostnaður við aðgang að tengigrindum er leigugjald fyrir pláss í aðstöðu Mílu, launakostnaður og efni. Í ákvörðun PFS nr. 5/2017 var ákveðið að breyta um aðferðafræði við ákvörðun gjalds fyrir aðgang að tengigrindum þannig að gjald fyrir aðgang að tengigrindum hækki í sama hlutfalli og mánaðargjald fyrir koparheimtaugar. Framangreint er því í samræmi við fyrri framkvæmd Mílu og hefur áður verið samþykkt af FST. Stofnunin gerir því ekki athugasemd við að aðgangur að tengigrind hækki í sama hlutfalli og heimtaugaverð.

(85) Til að reikna gjald fyrir aðgang að tengigrindum er mánaðargjald fyrir aðgang að heimtaugum fyrst reiknað út frá árlegum heildarkostnaði. Gjaldið fyrir aðgang að tengigrindum er síðan ákveðið með sömu prósentuhækkun á mánaðargjaldi. Áætlaðar tekjur af tengigrindunum (með hækkun gjalda) eru síðan dregnar frá árlegum heildarkostnaði og mánaðargjald fyrir aðgang að koparheimtaugum er endurreiknað. Þessir útreikningar eru endurteknir þar til prósentuhækkun koparheimtauga breytist ekki á milli útreikninga.

5.7 Fjöldi línúgilda

5.7.1 Kostnaðargreining Mílu

(86) Fram kemur í kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. maí 2021, að fjöldi línúgilda miðist við fjölda heimtauga (2ja víra) í desember 2020 og í uppfærslu á kostnaðargreiningunni fyrir árið 2021 miðaði Míla við fjölda línúgilda í desember 2021. Míla benti á að frá árinu 2017 hafi línun í notkun fækkað mikið.

(87) Samkvæmt kostnaðargreiningu Mílu, dags. 21. desember 2022, var fjöldi línúgilda [...] í desember 2021 en meðalfjöldi línúgilda árið 2021 var [...].

5.7.2 Afstaða Fjarskiptastofu

(88) Samkvæmt ákvörðun FST nr. 5/2021 skal við ákvörðun einingarverða miða við meðalfjölda á því ári sem verið er að greina hverju sinni.

(89) Í þessari kostnaðargreiningu er fjöldi línúgilda það sama og fjöldi koparheimtauga. Þessi orðanotkun kemur til vegna þess að í eldri kostnaðargreiningum voru seldar einingar með mismunandi línúgildi sem fór eftir því hvaða tíðnisvið heimtaugar voru notuð.



(90) Í pósti FST til Mílu, dags. 21. október 2022, óskaði FST m.a. eftir því að miðað yrði við meðalfjölda ígilda í stað fjölda í lok árs og var þessi krafa FST ítrekuð í pósti þann 11. nóvember 2022.

(91) Í svari Mílu þann 6. desember 2022 kom fram hjá Mílu að þessi krafa FST kæmi fyrirtækinu á óvart. Sú framkvæmd að miða við fjölda í lok tímabils í stað meðalfjölda hafi verið viðhöfð að minnsta kosti frá árinu 2013 og vísaði Míla í ákvarðanir PFS nr. 15/2013 og 5/2017.

(92) Þá benti Míla á að í ákvörðun FST um markaðsgreiningu á markaði 3a kemur eftirfarandi fram (gr. 1766):

„Meðaltals einingarkostnaður fyrir landið allt er reiknaður út frá heimfærðum rekstrar og fjárfestingarkostnaði deilt á línufjölda eða ígildi þeirra.“

(93) Þetta orðalag væri nákvæmlega eins og það orðalag sem notað hafi verið í ákvörðun PFS nr. 21/2014, en í kostnaðargreiningum eftir ákvörðun 21/2014 hafi FST heimilað Mílu að miða við fjölda í lok árs.

(94) Auk þess komi eftirfarandi fram (grein 1769) í markaðsgreiningu á markaði 3a.:

„Eins og sést á myndinni þá hefur hækkun mánaðarverða á koparheimtaugum Mílu, samþykkt af PFS, verið undir verðlagsbreytingum og hefur ekki fylgt þróun verðs á ljósleiðaraheimtaugum. Að mati PFS getur of lágt mánaðarverð á koparheimtaugum verið til þess fallið að draga úr upptöku á ljósleiðaraheimtaugum og því ber að fylgjast með því ekki síður en að koma í veg fyrir óhóflega verðlagningu“ ... „Betra væri að Míla næði að innheimta kostnað sinn með heimtaugagjöldum af þeim sem nýta þjónustuna, fremur en að leita í alþjónustusjóð eftir framlagi sem, eins og staðan er í dag, er fjármagnað af fjarskiptafyrirtækjum.“

(95) Eins og fram hafi komið hjá Mílu og hjá FST í grein 1769, þurfi leiguverð að taka mið af sem raunverulegustu stöðu, þ.e. leiguverð eigi að duga til að ná inn fyrir leigu til framtíðar (nú tíð) og því þurfi útreiknað verð að miða við þann fjölda sem kaupir þjónustuna. Míla hafi margofter bent á að t.d. væri sögulegur kostnaður og fjöldi eininga ekki alltaf lýsandi fyrir leiguverð framtíðar. Þetta eigi sérstaklega við um þegar miklar breytingar eru á fjölda eininga eins og væri í tilviki koparheimtauga. Núverandi leiguverð hafi tekið gildi þann 1.6.2019, frá þeim tíma hafi verðlag (vísitala neysluverðs) hækkað um 19%. Ef miða ætti við meðalfjölda heimtauga yrði hækkunin aðeins 10%. Auk þess megi benda á að verð fyrir kopar verði þrátt fyrir að reiknað verði með fjölda heimtauga í desember 2021 lægra en fyrir ljósheimtaugar, en eins og fram kæmi í grein 1769 sem vísað væri til hér að ofan hafi stofnunin ákveðnar áhyggjur af því að of lágt verð á kopar geti stuðlað að því að draga úr upptöku á ljósleiðaraheimtaugum.

(96) Í ljósi þessa óski Míla eftir því að miðað verði við fjölda í árslok 2021 en ekki meðalfjölda, eins og hafi verið gert sl. 10 ár hið minnsta, enda ekkert sem bendi til þess að meðalfjöldi væri betri mælikvarði á verð fyrir heimtaugar en fjöldi í lok árs, nema síður væri.



(97) Í pósti FST til Mílu, dags. 13. desember 2022, benti FST á, hvað varðaði tilvísun Mílu í málsgr. 1766 í ákvörðun nr. 5/2021, að skoða þurfi málgreinina í heild sinni en í lið 7 segi „Við ákvörðun einingarverða skal miða við meðalfjölda á því ári sem verið er að greina hverju sinni.“

(98) Þarna komi skýrt fram að miða skuli við meðalfjölda á því ári sem verið er að greina. Þær tilvitnanir sem Míla vísaði í væru tilkomnar áður en ákvörðun FST nr. 5/2021 var gefin út og því beri að horfa til þess texta sem komi fram í ákvörðuninni.

(99) Hvað varðar umfjöllun Mílu um of lágt verð fyrir heimtaugaleigu þá benti FST á að þegar þetta væri skoðað í samhengi við lagfæringar á fjárfestingarstofninum þá væri um svipaða niðurstöðu að ræða og lagt hafi verið upp með í greiningu Mílu fyrir þessar breytingar.

(100) FST benti á að gera megi ráð fyrir því að með fækkandi seldum einingum lækki rekstrarkostnaður og því bjagi það niðurstöðuna að reikna stöðu á einingum í lok árs þegar allt árið sé undir hvað kostnaðinn varðar. Þess vegna telur FST rétt að miða við meðalfjölda seldra eininga á árinu sem verið er að greina hverju sinni. Hins vegar væri það svo hvað varðar fjárfestingarkostnað heimtauga þá vegi þróun fjárfestingarkostnaðar á árinu sem verið væri að greina lítið þegar horft væri á heildarfjárfestingu koparheimtaugakerfisins. FST gæti því tekið undir þau sjónarmið Mílu hvað varðar fjárfestingarkostnað og fallist á að við útreikninga á einingaverði væri horf til stöðunnar í lok tímabilsins. Við slíka útreikninga teldi FST rétt að frádráttur vegna tekna skiptist í sama hlutfalli og skipting milli rekstrarkostnaðar og árlegs fjárfestingarkostnaðar.

(101) Niðurstaðan er því að við ákvörðun einingaverða er miðað við fjölda línuígilda í desember 2021, sem voru [...], þegar hlutdeild fjárfestingar er reiknað en meðalfjölda línuígilda árið 2021, sem var [...], þegar hlutdeild rekstrarkostnaðar er reiknað.

5.8 Útreikningur leiguverðs

5.8.1 Kostnaðargreining Mílu

(102) Niðurstaða útreikninga Mílu, miðað við nýjustu uppfærslu á kostnaðarlíkani Mílu frá 31. maí 2021⁷, er að heildarkostnaður við koparkerfi félagsins að frádregnum tekjum af tengigrindum og öðrum einskiptistekjum sé eftirfarandi:

⁷ Tölur í þessum kafla hafa verið uppfærðar samkvæmt kostnaðarlíkani dags. 3. janúar 2023.



Tafla 5.8

	2014	2016	2017	2020	2021
Árgreiðsla fjárfestinga.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Rekstrarkostnaður.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Kostnaður v. birgða.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Frádráttur v. aðg. að tengigrind.	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Frádráttur v. stofngj.....	[...]	[...]	[...]	0	0
Frádráttur v. annarra tekna.....	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

(103) Fram kom hjá Mílu í kostnaðargreiningunni, að þegar tekið sé tillit til kostnaðar vegna efnis og rekstrarvara fyrir koparkerfið sé miðað við meðalbirgðastöðu í árslok 2020 og 2021 margfaldaðri með ávöxtunarkröfu fjármagns. Meðalbirgðastaðan nam [...] kr. og fjármagnskostnaður birgða því [...] kr. á árinu 2021.

(104) Heildarkostnaður ársins 2021 til útreiknings mánaðargjalda næmi [...] kr.

(105) Samkvæmt niðurstöðu Mílu er mánaðargjald fyrir koparheimtaugar 1.976 kr. en ofan á það leggst 0,1% jöfnunargjald og er því heildarverðið 1.978 kr. Hækkunin er því tæpar 27%, en hækkun án áhrifa af niðurlagningu stofngjalda væri hins vegar 25%.

(106) Mánaðar leiguverð fyrir aðgang að tengigrind hækkar einnig um 27% og fer úr 1.223 kr. fyrir hverjar 100 línur í kr. 1.553 kr.

5.8.2 Afstaða Fjarskiptastofu

(107) Afstaða FST byggir á uppfærðu kostnaðarlíkani sem Míla lagði fram þann 3. janúar 2023 og byggir í grundvallaratriðum á ákvörðun stofnunarinnar nr. 5/2021.

(108) Meginforsendur uppfærðs kostnaðarlíkans Mílu eru eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður er grundvallaður á bókfærðum kostnaði ársins 2021.
- Fjárfestingar árána 2003 til 2021 voru framreiknaðar með byggingarvístölu til meðalverðlags ársins 2021. Fjárfesting ársins 2022 er áætluð út frá raunfjárfestingu fyrstu níu mánuði ársins.
- Miðað var við fjölda línúígilda í desember 2021, sem voru [...], þegar hlutdeild fjárfestingar var reiknað en meðalfjöldi línúígilda árið 2021, sem var [...], þegar hlutdeild rekstrarkostnaðar er reiknað
- Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) fyrir árið 2021 er metin 5,16%.

(109) Eftirfarandi tafla sýnir útreikninga á heimtaugaverði:




Tafla 5.9

	Árgreiðsla	Rekstrarkostnaður
Kostnaður	[...]	[...]
Hlutdeild í heildarkostnaði	68%	32%
Frádráttur v. aðgang að tengigrind	[...]	[...]
Frádráttur v. stofngjalda	0	0
Frádráttur v. annarra tekna	[...]	[...]
Samtals	[...]	[...]

	Árgreiðsla	Rekstrarkostnaður
Fjöldi ígildislína	[...]	[...]
Verð á mánuði	1.382	594
Samtals	1.976	
Jöfnunargjald	2	
Heimtaugagjald á mánuði	1.978	

(110) Niðurstaða útreikninga á mánaðarleigu koparheimtauga er samtals 1.978 kr. eða sem nemur um 27% hækkun frá núverandi verði sem byggði á rekstrartölum ársins 2017. Frá 2017 til 2021⁸ hefur byggingarvísitalan hækkað um 17%, neysluverðsvísitalan um 14% og launavísitalan um 29%.

(111) Í eftirfarandi grafi má sjá þróun á gengi og vísitölu frá 2012:



Heimild: Fjarskiptastofa

(112) Launavísitala hefur hækkað töluvert undanfarin ár og hefur það sérstaklega áhrif á rekstrarkostnað Mílu. Þá hefur byggingarvísitalan hækkað töluvert frá 2021 til 2022 og þar sem heimtaugaverðin taka gildi á árinu 2023 ber að horfa til þess að hækkun byggingavísitölu

⁸ Sem er rekstrarárið sem þessi kostnaðargreining byggir á.



frá 2017 til 2022 er 28% sem er umfram þá hækkun á heimtaugaverði sem niðurstaða kostnaðarlíkansins skilar. Núgildandi heimtaugaverð tók gildi 1. júní 2019. Ef horft er á hækkun byggingarvísitölu frá þeirri dagsetningu til janúar 2023 þá hækkaði hún um 23% á meðan launavísitalan hækkaði um 31%. Eins og kom fram hér að framan þá var hækkunin á heimtaugaverðinu án áhrifa af niðurlagningu stofngjalda 25% og rétt að hafa það í huga þegar þessi samanburður er gerður.

(113) Í ljósi ofangreinds gerir FST ekki athugasemd við niðurstöðu kostnaðargreiningar Mílu.

5.9 Niðurstaða Fjarskiptastofu

(114) FST hefur yfirfarið forsendur og útreikning Mílu á rekstrarkostnaði, árgreiðslum fjárfestinga, stofngjöldum, línuígildum og útreikning leiguverðs fyrir koparheimtaugar, samkvæmt kostnaðargreiningu Mílu, dags. 31. maí 2021. Kostnaðargreiningin var uppfærð í nokkur skipti og var síðasta uppfærslan lögð fram 3. janúar 2023.

(115) Í samræmi við það sem fram kemur í köflum 5.1 – 5.8 hér að ofan um forsendur og útreikning Mílu vegna koparheimtauga, hefur FST yfirfarið niðurstöðu Mílu um mánaðargjöld vegna aðgangs að heimtaugum og tengigrindum.

(116) Niðurstaða útreikninga Mílu á mánaðarleigu koparheimtaugar er 1.978 kr. eða sem nemur um 27% hækkun. Þá hækkar mánaðarverð fyrir aðgang að tengigrindum einnig um 27% og fer úr 1.223 kr. fyrir hverjar 100 línur í 1.553 kr.

5.9.1 Verðbil samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnar ESB

(117) Í fyrri ákvörðunum FST um gjaldskrá fyrir aðgang að koparheimtaugum hefur stofnunin skoðað þróun vísitölu og þess verðbils sem skilgreint var í tilmælum framkvæmdastjórnar ESB um beitingu samræmdrar jafnræðiskvaðar og kostnaðargreiningaraðferða til að auka samkeppni og efla fjárfestingar í næstu kynslóðar aðgangsnætti⁹.

(118) Verðbilið sem tilgreint er í tilmælunum var 8 til 10 € miðað við verðlag ársins 2012, sem var 1.286 til 1.607 kr. miðað við meðalgengi ársins 2012.

(119) FST hefur nú uppfært útreikninga á verðbilinu sem lagt var fram í ákvörðun PFS nr. 8/2019. Til að framreikna verðbilið til ársins 2022 notaði FST Harmonised Index of Consumer Prices (HICP)¹⁰ og meðalgengi € á árinu 2022. Samkvæmt þessu var framreiknað verðbil á árinu 2022 9,72 € til 12,15 € eða 1.383 til 1.729 kr.


(120) Heimtaugaverðið var innan verðbilsins þegar fyrst var horft til þess. Hvorki nú né 2019 eða 2017 er heimtaugaverðið innan þessa bils. Ef verðbilið 8 til 10 € eins og það var sett fram 2012 er hins vegar umreiknað í íslenskar krónur miðað við gengi krónunnar 2012 og síðan framreiknað með byggingavísitölu til ársins 2022 yrði verðbilið 1.906 til 2.382 kr. Ef miðað er

⁹ COMMISSION RECOMMENDATION of 11.9.2013 on consistent non-discrimination obligations and costing methodologies to promote competition and enhance the broadband investment environment.

¹⁰ Upplýsingar um HICP má finna á heimasíðu Eurostat (<http://ec.europa.eu/eurostat>).



við launavísitölu í stað byggingavísitölu yrði verðbilið 2.539 til 3.174 kr. Þróun þessara verðbils eftir því hvernig þau eru reiknuð má sjá í línuritinu hér að neðan:



Heimild: Fjarskiptastofa

(121) Í línuritinu hér að ofan sýnir HCIP Efri og HCIP Neðri þróun verðbilsins (efri og neðri mörk) uppfært með HCIP í evrum og umreiknað í íslenskar krónur með meðalgengi hvers árs. Byggingarvísitala Efri og Byggingarvísitala Neðri sýna verðbilið eins og það var í íslenskum krónum á árinu 2012 framreiknað með meðalvísitölu hvers árs. Það sama á við um Launavísitala Efri og Launavísitala Neðri nema að í því tilfalli er verðbilið framreiknað með launavísitölu. Heimtaugagjaldið¹¹ er síðan tilgreint á því ári sem það tók gildi.

(122) Nýtt mánaðargjald 1.978 kr. sem tekur gildi á árinu 2023 er rétt fyrir ofan neðri mörk verðbils reiknað út frá byggingarvísitölu (á árinu 2022) og töluvert fyrir neðan neðri mörkum verðbils samkvæmt launavísitölu. Mánaðargjald fyrir fullan aðgang að koparheimtaug var reiknað 1.558 kr. fyrir rekstrarárið 2017¹². Með niðurstöðunni úr kostnaðarlíkaninu um mánaðargjald að upphæð 1.978 kr. hefur heimtaugagjaldið hækkað um 27%.

¹¹ Við útreikninga á heimtaugaverði á árinu 2013 var mismunandi verð fyrir fullan aðgang, efra og neðra tíðnisvið en verðið sem er tilgreint var fyrir fullan aðgang.

¹² Heimtaugaverðið tók gildi 2019.



5.9.2 Samanburður við ljósleiðaraheimtaugar

(123) Ljósleiðaraheimtaugar eru boðnar í samkeppni við koparheimtaugar víða um land og því eðlilegt að horfa til mánaðarverða þeirra til að meta niðurstöðuna um mánaðarverð koparheimtauga. Mánaðargjald ljósleiðaraheimtauga Mílu er 2.315 kr. á stór höfuðborgarsvæðinu og Akureyri en 2.730 kr. á landsbyggðinni¹³. Þar sem ljósleiðarakerfi Mílu byggir á GPON eru þessar heimtaugar í langflestum tilfellum ekki seldar án bitastraums og því ekki víst að mánaðarverð heimtaugarinnar gefi rétta mynd af raunverði heimtaugarinnar. Ljósleiðaraheimtaugar Ljósleiðarans eru heldur ekki boðnar til sölu án bitastraumsþjónustu en mánaðargjald þeirra er 2.973 kr. Tengir býður hins vegar upp á ljósleiðaraheimtaugar án bitastraums og er mánaðargjaldið hjá Tengir 2.815 kr.¹⁴ FST gerði verðkönnun á mánaðargjaldi ljósleiðaraheimtauga í sveitanetum í mars 2021 en þá var meðalverðið 2.476 kr. og var hæsta verðið 2.900 kr. FST hefur að svo stöddu ekki nýrri upplýsingar um þessi verð en hefur hafið vinnu við að afla þeirra í tengslum við markaðsgreiningu á þessum markaði.

(124) Af þessum samanburði er ljóst að mánaðarverð fyrir koparheimtaugar í heildsölu verður, þrátt fyrir þessa hækkun, nokkuð lægra en mánaðarverð ljósleiðaraheimtauga. Eðlilegt er að einhver munur sé á verði fyrir kopar- og ljósleiðaraheimtaugar þar sem ljósleiðaraheimtaugar geta boðið meiri hraða en koparheimtaugar og er talin vara með meiri gæði. Að mati FST getur hins vegar of lágt mánaðarverð á koparheimtaugum verið til þess fallið að draga úr upptöku á ljósleiðaraheimtaugum og því ber að fylgjast með því ekki síður en að koma í veg fyrir óhóflega verðlagningu.

(125) Að teknu tilliti til framangreinds þá gerir FST ekki athugasemd við hækkun á mánaðarverði koparheimtauga skv. kostnaðargreiningu Mílu. Ólíklegt er að þessi hækkun skili sér að fullu til neytenda þar sem ekki er gerður greinarmunur á kopar- og ljósleiðaraheimtaugum í verðlagningu í smásölu hjá flestum fjarskiptafyrirtækjunum.

5.9.3 Gildistími heimtaugaverða

(126) Í málsgr. 1770 í kafla í Viðauka A við ákvörðun FST nr. 5/2021 segir:

„Til að auka fyrirsjáanleika og stöðugleika heimtaugaverðs, auk þess að léttu byrði stofnunarinnar og Mílu, fækkar PFS heildarendurskoðunum á gjaldskrá Mílu fyrir heimtaugar. Í stað þess verður PFS verðskráin uppfærð árlega (1. janúar ár hvert), miðað við vísitölupróun að frádreginni árlegri hagræðingarkröfu, milli þess sem gjaldskráin er endurskoðuð með nýjum fjárhagsupplýsingum. PFS telur rétt að miða við vísitölu neysluverðs í þessu sambandi. Gjaldskráin skal að jafnaði endurskoðuð á 2-3 ára fresti og við hverja ákvörðun um ný heildsöluverð skal ákvarða frest fyrir Mílu til að leggja fram nýja kostnaðargreiningu. Við endurskoðun á gjaldskrá skal á sama tíma ákvörðuð ný árleg hagræðingarkrafa.“

(127) Samkvæmt ofangreindu ætti heimtaugaverð að hækka 1. janúar 2024 í samræmi við vísitöluhækkun að frádreginni hagræðingarkröfu. Hins vegar er ljóst að áður en til þess kemur mun FST endurskoða hvort þörf er á að viðhalda gjaldskrárkvöð á Mílu og ákvarða nánari

¹³ Í umfjöllun í þessum kafla eru öll verð gefin upp án virðisaukaskatts.

¹⁴ Ekki er tekið tillit til stofngjalda í þessum samanburði.



útfærslu á þeirri kvöð ef svo ber undir. Því telur FST rétt að fresta ákvörðun um hvernig heimtaugaverðum verði breytt og hvort að FST komi að þeim breytingum þar til í fyrirhugaðri markaðsgreiningarákvörðun FST. Heimtaugaverð og verð fyrir aðgang að tengigrindum mun því gilda þar til um annað er kveðið á um í næstu markaðsgreiningarákvörðun FST eða með sérstakri ákvörðun FST. Í ljósi ofangreinds hefur FST ekki reiknað árlegu hagræðingarkröfuna.

5.9.4 Samandregin niðurstaða

(128) Með ákvörðun PFS nr. 21/2014 og ákvörðun FST nr. 5/2021 var lögð kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá vegna heildsöluaðgangs að föstum koparheimtaugum ásamt aðgangi að bitastraumi yfir koparheimtaugar og tengdri aðstöðu. Kveðið var á um að gjaldskráin fyrir aðgang sem veittur er um koparheimtaugar skyldi vera kostnaðarviðmiðuð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

(129) Gjaldskrá Mílu fyrir koparheimtaugar og tengda aðstöðu var síðast ákvörðuð með ákvörðun PFS nr. 8/2019.

(130) Míla lagði fram kostnaðargreiningu, dags. 31. maí 2021, sem tók mið af ákvörðun PFS nr. 21/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á mörkuðum fyrir heildsöluaðgang að föstum aðgangsneta (markaður 4/2008) og breiðbandsaðgang í heildsölu (markaður 5/2008).

(131) Með ákvörðun FST nr. 5/2021, dags. 19. október 2021, útnefndi FST Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b). Sú ákvörðun leysti af hólmi ákvörðun PFS nr. 21/2014 og byggir niðurstaða FST því á ákvörðun FST nr. 5/2021.

(132) Kostnaðargreining Mílu var uppfærð nokkrum sinnum við meðferð málsins nú síðast þann 3. janúar 2023 og byggir niðurstaða FST á þeirri uppfærslu.

(133) Meginforsendur uppfærðs kostnaðarlíkans Mílu eru eftirfarandi:

- Rekstrarkostnaður er grundvallaður á bókfærðum kostnaði ársins 2021.
- Fjárfestingar árána 2003 til 2021 voru framreiknaðar með byggingarvístölu til meðalverðlags ársins 2021. Fjárfesting ársins 2022 er áætluð út frá raunfjárfestingu fyrstu níu mánuði ársins.
- Miðað var við fjölda línúígilda í desember 2021, sem voru [...], þegar hlutdeild fjárfestingar var reiknað en meðalfjöldi línúígilda árið 2021, sem var [...], þegar hlutdeild rekstrarkostnaðar er reiknað.
- Ávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) fyrir árið 2021 er metin 5,16%.

(134) Í samræmi við þær forsendur sem fjallað er um hér að framan er það niðurstaða FST að samþykja að mánaðargjald fyrir aðgang að koparheimtaug skuli vera 1.978 kr. án vsk. eða hækkun um 27%. Aðgangur að tengigrind verður 1.553 kr./mán. fyrir hverjar 100 línur. Þá falla niður einskisgjöld vegna koparheimtauga.



(135) Þá samþykkir FST að stofngjöld verði felld niður og telur að breytingin á framsetningu gjaldskrár muni auka gagnsæi og einfalda gjaldskrána. Þetta hefur þau áhrif að mánaðargjald verður 31 kr. hærra en annars hefði verið þar sem tekjur af stofngjöldum koma ekki lengur til frádráttar á heildarkostnaði.

(136) Einingarkostnaður koparheimtaugar hefur hækkað töluvert á síðustu misserum. Rekja má hækkunina einkum til þess að nýting á koparkerfinu fer hratt minnkandi, hækkun aðfanga og launakostnaðar. Launavísitala hefur hækkað töluvert undanfarin ár og hefur það sérstaklega áhrif á rekstrarkostnað Mílu. Þá hefur byggingarvísitalan hækkað töluvert síðustu ár og þar sem heimtaugaverðin taka gildi á árinu 2023 ber að horfa til þess að hækkun byggingavísitölu frá 2017 til 2022 er 28% sem er umfram þá hækkun á heimtaugaverði sem niðurstaða kostnaðarlíkansins skilar.



Ákvörðunarorð

1. Fjarskiptastofa samþykkir framlagða kostnaðargreiningu Mílu hf., dags. 31. maí 2021, með þeim breytingum sem gerðar voru á kostnaðarlíkani Mílu hf. en síðustu breytingarnar á líkaninu voru gerðar þann 3. janúar 2023.
2. Samkvæmt niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar er mánaðargjald fyrir aðgang að koparheimtaug 1.976 kr. en ofan á það leggst 0,1% jöfnunargjald og er því heildargjaldið 1.978 kr. á mánuði. Ef jöfnunargjald breytist þá skal heildargjaldið breytast til samræmis. Gjaldið er óháð notkun heimtaugarinnar og því hvort um sé að ræða aðgang í sírstöð eða götuskáp. Aðgangur að tengigrind verður 1.553 kr./mán. fyrir hverjar 100 línur.
3. Stofngjald heimtauga fellur niður.
4. Verð eru án vsk.
5. Verðskráin tekur gildi xx. xx 2023, en Míla hf. skal senda út tilkynningu um gildistöku með tilskildum fyrirvara. Hin nýja verðskrá Mílu hf. skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins fyrir opinn aðgang að heimtaugum við gildistöku ofangreindra verðbreytinga.
6. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 20. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun Fjarskiptastofu beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, xx. xx 2023

Viðauki I: Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC)

Viðauki II: Athugasemdir úr innanlandssamráði og andsvör Mílu

Viðauki III: Helstu sjónarmið aðila í innanlandssamráði og afstaða Fjarskiptastofu